

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2018

2020/EES/6/25

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2293 frá 3. ágúst 2017 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á krosslímum timburvörum, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 16351, og vörum úr spónlögðu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14374, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 2v (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1228) í XXI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„2w. **32017 R 2293**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2293 frá 3. ágúst 2017 um skilyrði fyrir flokkun, án prófunar, á vörum úr lagskiptu límtré, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 16351, og vörur úr gegnheilum, endaskeyttum viði sem ætlaðar eru í burðarvirki, sem falla undir samhæfða staðalinn EN 14374, með tilliti til viðbragða þeirra við bruna (Stjtið. ESB L 329, 13.12. 2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/2293, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 329, 13.12.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.